

## AUGLÝSING

### um verndarsvæði í byggð.

Skilmálar sem um vernd og uppbyggingu svæðanna gilda eru birtir á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is), ásamt ítarefni.

#### *Garðahverfi á Álftanesi.*

Með vísan til 5. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð hefur mennta- og menningarmálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu Garðabæjar að *Garðahverfi á Álftanesi* verði sérstakt verndarsvæði innan sveitarfélagsins skv. ákvæðum laganna.

Verndarsvæðið afmarkast að vestanverðu af Aukatjörn, Skógtjörn og fyrrum sveitarfélagamörkum Garðabæjar og Álftaness. Að norðanverðu afmarkast það af Garðavegi en þó er skógræktarsvæðið á Garðaholti, Grænigarður og svæði umhverfis félagsheimilið Garðaholt tekið með. Að austanverðu er miðað við mörk deiliskipulags Hleina að Langeyrarmölum. Að sunnanverðu markast skipulagssvæðið af strandlínu.

#### *Verndarsvæðið við voginn – Djúpivogur.*

Með vísan til 5. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2015, hefur mennta- og menningarmálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu Djúpavogshrepps að *Verndarsvæðið við voginn* verði sérstakt verndarsvæði innan sveitarfélagsins skv. ákvæðum laganna.

Verndarsvæðið er 7,5 ha landspilda og myndar megin kjarnann í miðsvæði kaupstúnsins, sem nýtur hverfisverndar skv. aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020. Um er að ræða 60-150 m breiða skák, sem fylgir fjöruborði við voginn og liggur meðfram austurströnd hans utan frá Brandsvík og suður á norðurenda Brennicketts, þaðan til suðvesturs og inn fyrir samfastan klettahygg (Hlíðarhús- og Hlíðarendakletta) og gömlu Djúpavogskirkju, en síðan til norðurs meðfram götunni Búlandi og út fyrir hin aldagömlu verslunarhús á vesturströnd vogsins.

#### *Dormóðseyri á Siglufirði.*

Með vísan til 5. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð hefur mennta- og menningarmálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu sveitarfélagsins Fjallabyggðar að *Dormóðseyri á Siglufirði* sem afmarkast af Norðurgötu til austurs, Eyrargötu til norðurs, Grundargötu til vestur og Aðalgötu til suðurs verði sérstakt verndarsvæði innan sveitarfélagsins skv. ákvæðum laganna.

#### *Borðeyrartangi – vestari hluti Borðeyrar.*

Með vísan til 5. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2015, hefur mennta- og menningarmálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu Húnaþings vestra að *vestari hluti Borðeyrar* verði sérstakt verndarsvæði innan sveitarfélagsins skv. ákvæðum laganna.

Verndarsvæðið er 14.771 m<sup>2</sup> á stærð eða tæplega 1,5 hektarar og stendur á landspildu sem kallast Borðeyrartangi. Mörk þessa svæðis ná frá læk sem fellur úr grónum gilskorningi sem kallast Lækjardalur að vestanverðu og meðfram sjólinunni á suðurhlíð tangans frá þeim stað sem lækurinn fellur í víkina allt fram á eyraroddann í austri. Þaðan liggja mörkin meðfram sjóvarnargarði til norðvesturs þar til náð er beinni sjónlínu við brattan malarkamb rétt norðan við norðurgötu gamla sláturhússins. Þaðan ná mörkin í hallandi línu meðfram kambnum til vesturs að læknum.

#### *Krókskotstún – Landakotstún í Sandgerði.*

Með vísan til 5. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð hefur mennta- og menningarmálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu Suðurnesjabæjar að *Krókskotstún - Landakotstún* í Sandgerði, sunnan Sandgerðistjarnar og austan Sandgerðishafnar og afmarkað af Víkurbraut og Strandgötu til vesturs, byggð beggja vegna Tjarnargötu og Brekkustígs í norðri, syðsta hluta Norðurgötu og byggð beggja vegna Hlíðargötu til austurs og að Austurgötu til suðurs, verði sérstakt verndarsvæði innan sveitarfélagsins skv. ákvæðum laganna.

*Vesturhluti Víkur í Mýrdal.*

Með vísan til 5. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð hefur mennta- og menningarmálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu Mýrdalshrepps að *vesturhluti Víkur í Mýrdal*, frá Víkurbraut 16 í austri og með öllum húsum norðan Víkurbrautar til og með bátaskýlisins við Víkurbraut 40a, auk húsa númer 21 (Halldórsbúð), 21a, 17 (Skafthellingabúð), 19, 11 og 11a, sem eru sunnan Víkurbrautar, verði sérstakt verndarsvæði innan sveitarfélagsins skv. ákvæðum laganna.

*Framdalurinn í Skorradal.*

Með vísan til 5. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð hefur mennta- og menningarmálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu hreppsnefndar Skorradalshrepps að *framdalurinn í Skorradal*, nánar tiltekið heimatún bæjanna Háafells, Fitja, Sarps, Efstabæjar, Bakkakots og Vatns-horns, ásamt gömlum þjóðleiðum sem liggja um lönd þeirra, verði sérstakt verndarsvæði innan sveitarfélagsins skv. ákvæðum laganna.

*Norðurhluti gamla bæjarins á Sauðárkróki.*

Með vísan til 5. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð hefur mennta- og menningarmálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar að *norðurhluti gamla bæjarins á Sauðárkróki* verði sérstakt verndarsvæði innan sveitarfélagsins skv. ákvæðum laganna.

Verndarsvæðið er um 9,5 ha að stærð og afmarkast að norðan af nyrsta íbúðarhúsi Sauðárkróks, að austan af Strandvegi, að sunnan af Kirkjutorgi og Kirkjuklauf (Hlíðastíg) og að vestan af Nöfum.

*Plássíð og Sandurinn á Hofsósi.*

Með vísan til 5. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð hefur mennta- og menningarmálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar að *Plássíð og Sandurinn á Hofsósi* verði sérstakt verndarsvæði innan sveitarfélagsins skv. ákvæðum laganna.

Verndarsvæðið er um 3 ha að stærð og afmarkast af Brekkunni að norðan, af brekkubrún Bakkans að austan og sjó og hafnargarði að sunnan og vestan.

*Þorpið í Flatey á Breiðafirði.*

Með vísan til 5. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð hefur mennta- og menningarmálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu sveitarfélagsins Reykhólahrepps að *Þorpið í Flatey á Breiðafirði* verði sérstakt verndarsvæði innan sveitarfélagsins skv. ákvæðum laganna.

Verndarsvæðið er afmarkað sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018. Innan marka þess er þorpið, mýrar og strönd og svæðið umhverfis kirkjuna.

*Þórkötlustaðahverfi í Grindavík.*

Með vísan til 5. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð hefur mennta- og menningarmálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu Grindavíkurbæjar að *Þórkötlustaðahverfi* verði sérstakt verndarsvæði innan sveitarfélagsins skv. ákvæðum laganna.

Verndarsvæðið er um 50 ha að stærð. Austast er svæðið innan skilgreinds þéttbýlis Grindavíkurbæjar samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins. Svæðið afmarkast af Austurvegi til norðurs og af túnmörkum og hlöðnum túngörðum við Slokahraun til austurs. Strandlengja Þórkötlustaðabótar afmarkar svæðið til suðurs og vesturmörkin eru við Kóngahraun við Þórkötlustaðanes.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 10. febrúar 2021.*

**Lilja D. Alfreðsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Páll Magnússon.*